

Fulltrúaráðsfundur 6. október 2016 kl. 20.00 í húsnæði HRFÍ, Síðumúla 15

Mættir voru fulltrúar frá eftirfarandi deildum: Írsk setter deild, Deild ensks setters, Ungmennadeild, Íþróttadeild, Shih tzudeild, Yorkshire terrierdeild, Mjóhundadeild. Boxerdeild, Retrieverdeild, DÍF, Fuglahundadeild, Schnauzerdeild, Smáhundadeild, Papillon- og phaléneideild, Schäferdeild, Vinnuhundadeild, Sýningarstjórn og Framkvæmdanefnd.

Herdís Hallmarsdóttir, formaður HRFÍ, bauð fundargesti velkomna. Formenn voru boðaðir samkvæmt lögum félagsins en þess má geta að til eru dæmi þess að fundir hafi verið teknir upp á myndband og dreift á YouTube án samþykkis fundargesta eða félagsins. Alltaf ætti að upplýsa um slíkt fyrirfram og fá til þess heimild en vonandi var þetta gert í hugsunarleysi og viðkomandi ekki hugsað út í afleiðingar þess að rýra samráðsvettvang sem þennan.

Fundurinn var tileinkaður málefnum er varða sýningar félagsins og þess vegna voru fulltrúar sýningastjórnar og framkvæmdanefndar boðaðir á fundinn.

Norðurlandasýning

Þorsteinn Thorsteinsson, sem á sæti í sýningarstjórn, tók til máls og útskýrði að von væri á breytingum á sýningareglum á næstunni en þá mun sú nýbreytni taka gildi að haldnar verða Norðurlandasýningar þar sem svokölluð Norðurlanda-meistarastig verða í boði. Þorsteinn útskýrði í grófum dráttum hvernig reglur þessara sýninga verða en fyrsta Norðurlandasýningin verður haldin árið 2018 á Íslandi.

Hvolpasýningar

Þorsteinn hélt áfram og vakti máls á mismunandi skoðunum félagsmanna á tímasetningu hvolpasýninganna en þær hafa verið haldnar á föstudegi fyrir sýningar í þónokkurn tíma. Rök sýningastjórnar eru þau að umhverfið er mun afslappaðra á föstudagskvöldum sem er mjög gott fyrir unga hvolpa. Sýkingahættan er minni þar sem fjöldi hunda er ekki jafnmikill og þess vegna er hægt að bjóða 3 mánaða hvolpum að taka þátt. Einnig kom fram að félagið þarf ekki að bjóða aukadómara til landsins sem óneitanlega er sparnaður fyrir félagið. Færri starfsmenn þarf í hringjum og einnig styttr það sýningadagana að hafa hvolpasýninguna á föstudagskvöldi. Færri sýningahringi þarf á sýningunni sjálfri sem gefur meira pláss á sýningarsvæðinu fyrir stærri hringi en ella.

Fundargestir ræddu þetta fyrirkomulag og ýmsar hliðar komu fram, til dæmis að fá sérfræðinga tegundanna til að dæma hvolpana, væru þeir til staðar. Eftir áhugaverðar umræður var niðurstaðan sú að kostir hvolpasýninganna væru fleiri en gallarnir.

Mönnun við undirbúning og frágang sýninga

Á fundinum kom fram að einstaklega erfitt hefur reynst að manna hin ýmsu störf á sýningunum sjálfum (t.d. dyraverði, miðasölu o.s.frv.) sem deildir eiga að útvega mannskap í. Einnig hefur verið gríðarlega erfitt að fá fólk til að hjálpa til við frágang sýninganna. Þess vegna var tekin sú ákvörðun að semja við félag um að taka sýninguna niður. Áfram verður notast við það fyrirkomulag að deildir útvega mannskap í uppsetningu og hin ýmsu störf á sýningunum sjálfum. Undanfarnar sýningar hefur gengið nokkuð vel að fá mannskap í uppsetningu.

Vordís Sigurbórsdóttir vakti máls á því að meðlimir framkvæmdanefndar væru orðnir langþreyttir á ástandinu og fyndist staðan mjög sorgleg. Félagsmenn vildu sýningar en fáir væru tilbúnir að leggja hönd á plóg. Oft og tíðum hafa meðlimir framkvæmdanefndar staðið einir eftir að sýningu lokinni og hafa þurft að sjá um allan frágang án nokkurrar hjálpar frá öðrum félagsmönnum.

Fundargestir komu með ýmsar hugmyndir um það hvernig hægt væri að fá fleiri félagsmenn til að hjálpa til. Hugmyndir komu upp um eins konar umbunarkerfi en þá gætu félagsmenn safnað sér inn punktum sem þeir gætu svo nýtt upp í ýmiss konar kostnað, t.d. vörur, þjónustu og fleira. Einnig kom hugmynd um að bjóða starfsfólki sýningar og öllum þeim sem koma að sýningunum á einhvern hátt í „pizzupartý“ og drykki nokkrum dögum eftir sýningu. Vel var tekið í þessar hugmyndir og leist fundargestum vel á þær.

Hringstjóra- og ritaranámskeið

Þorsteinn vakti máls á hringstjóra- og ritaranámskeiðum en því miður hafa fáir, sem hafa sótt þessi námskeið, skilað sér í vinnu á sýningunum. Stefnt er að því að halda hringstjóranámskeið fljótlega eftir áramót. Upp kom sú hugmynd að afhenda eins konar hringstjóra- eða ritarskírteini þeim sem kláruðu námskeið og störfuðu á sýningum félagsins.

Deildasýningar

Deildasýningar voru ræddar en í umræðunum kom fram að deildir yrðu að velja dómara sem væri sérfræðingur í tegundinni/tegundunum sem hann kæmi til með að dæma. Ekki væri nóg að viðkomandi væri einungis með dómara réttindi á tegundina/tegundirnar. Einnig var bent á að deildir ættu að hafa í huga að velja tíma með tilliti til dagsetninga stóru sýninga félagsins. Þar af leiðandi dreifðist fjöldi sýninga betur og skráningin yrði betri, bæði á deildasýningarnar og sýningar félagsins.

Annað

Fram kom að félagið hafi pantað sýningatjöld sem merkt væru með lógói félagsins. Tjöldin eru blá og svört að lit og mun félagsmönnum gefast kostur á að kaupa þau á kostnaðarverði.

Lilja Dóra Halldórsdóttir bað fundargesti um að hafa í huga húsnæði sem hentaði sýningum félagsins í framtíðinni en samningur við reiðhöllina í Víðidal rennur út eftir næsta ár. Húsnæði í Keflavík þykir afar hentugt fyrir sýningar félagsins og er það mun stærra en reiðhöllin í Víðidal. Fundargestir voru mjög jákvæðir að húsnæðið yrði skoðað og prófað yrði að halda eina sýningu þar í framtíðinni.

Fundi var slitið um 21.30 en fundarmenn gátu fengið sér kaffi að loknum fundi og spjallað saman.